

Reykjavíkurborg
Borgarráð/borgarstjórn
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2020

Erindi: Beiðni um einfalda ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna útgáfu félagslegra skuldabréfa Félagsbústaða hf.

Á fundi stjórnar Félagsbústaða hf. þann 6. mars 2020 samþykkti stjórn félagsins að hækka lánsfjáráætlun fyrir árið 2020 með það að leiðarljósi að nýta markaðsaðstæður til að greiða upp óhagstæð lán og lækka þar með vaxtabyrði félagsins.

Samþykkti stjórnin að gefa út ný skuldabréf, til viðbótar við þegar útgefin skuldabréf, að fjárhæð allt að 9.000 m.kr. á tímabilinu 1.1.2020 til 31.12.2020. Fjármögnun verður í formi útgáfu félagslegra skuldabréfa í samræmi við félagslegan útgáfuramma félagsins frá árinu 2019 (e. Social Bond Framework). Jafnframt var samþykkt að skuldabréfin verði gefin út í skuldabréfaflokknum FB100366 SB og er þannig um að ræða aukna útgáfu í áður útgefnum flokki félagslegra skuldabréfa.

Stjórn Félagsbústaða óskar hér með eftir því að eigandi þess, Reykjavíkurborg, veiti einfalda ábyrgð vegna útgáfu skuldabréfanna á grundvelli 69. gr. laga nr. 138/2011 til tryggingar á endurgreiðslu skuldabréfanna að fjárhæð 9 milljarðar króna vegna nýrrar útgáfu á árinu 2020. Er um að ræða hækkun á þegar veittri ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna útgefna félagslegra skuldabréfa í sama skuldabréfaflokki.

Andvirði skuldabréfanna verður notað til að mæta fjárfestingarþörf félagsins og uppgreiðslu óhagstæðra lána. Meðfylgjandi er greinargerð félagsins þar sem nánari grein er gerð fyrir hvernig fjármagninu verður ráðstafað og möguleg áhrif á fjármögnunarkostnað og þar með rekstur félagsins.

Veiti borgarstjórn samþykki fyrir ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna útgáfu bréfanna verður niðurstaða útboða hverju sinni lögð fyrir borgarráð til samþykktar áður en tilboð verða formlega samþykkt.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri

Afrit: *Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri*
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Meðfylgjandi er:

- 1) *Fundargerð stjórnarfundar Félagsbústaða hf. frá 6. mars 2020*
- 2) *Greinargerð félagsins.*